



Áfangalýsing:

Grunnáfangi í kynjafræði. Í áfanganum kynnast nemendur kenningum og hugtökum tengdum kynjafræði, jafnrétti, lýðræði, mannréttindum og sjálfsmynd. Teknar eru fyrir birtingamyndir og staðalmyndir kynjanna í fortíð og nútíð og mikilvægi jafnræðis meðal borgara í lýðræðissamfélögum nútímans. Farið er yfir sögu jafnréttisbaráttunnar og aðaláherslum hvernar bylgju. Fjallað er um stöðu kynjanna á hinum ýmsu sviðum samfélagsins, greint hvort staðan sé ójöfn og hvort þörf sé fyrir breytingar. Fjallað er um kynjaðar hugmyndir og orðnotkun og tvíkynhyggju. Farið er ofan í tengsl sjálfsmyndar við viðhorf til staðalmynda kynjanna. Nemendur fá þjálfun í að beita kynjagleraugum á mismunandi málefni samfélags.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum kynjafræðinnar,
- stöðu og viðhorfum til kynjanna í samfélaginu,
- sögu jafnréttisbaráttunnar,
- stöðu og réttindabaráttu ýmissa jaðarhópa hér heima og erlendis,
- áhrif sjálfsmyndar á viðhorf.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita hugtökunum; kynjagleraugu, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi og sjálfsmynd í ræðu og riti,
- taka þátt í umræðum um algeng álitamál sem tilheyra kynjafræðinni
- greina stöðu og staðalmyndir kynjanna úr fjölbreyttum miðlum og sviðum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- líta á samfélagið út frá sjónarhorni kyns og kynferðis með gagnrýnum augum
- mynda sér skoðun og gera grein fyrir henni með tilliti til kenninga kynjafræðinnar og hugtaka hennar
- geta tjáð sig í ræðu og riti um samfélagsleg álitamál

Námsmat:

Símat jafnt og þétt yfir önnina.